

Inngangur að aðferðafræði (STJ204G, 8 einingar)

Vormisseri 2018
Stjórn málafræðideild, Háskóli Íslands

Kennsluáætlun (1. útgáfa)

Kennari: Agnar Freyr Helgason, nýdoktor
Netfang: afh@hi.is
Skype: agnar.f.helgason

Kennsla fer fram á þriðjudögum í Odda 201
frá 10:00 til 12:20.

Viðtalstími: Mánudögum kl. 10 -11 í eigin
persónu eða á Skype. Bóka þarf tíma á
slóðinni: <https://calendly.com/agnarhelgason>

Hópaskiptir umræðu- og dæmatímar verða á
miðvikudögum í Odda 301 frá 11:40 til 12:20
og frá 12:30 til 13:10. Sjá nánar hér að neðan.

Er neikvæð kosningabaráttá árangursrík? Leiða hlutfallskosningakerfi til meiri útgjalda til velferðarmála? Leiðir hærra hlutfall kvenna á þingi til betri stjórnunarháttá? Leiðir lýðræði til aukinnar velmegunar? Í þessu námskeiði læra nemendur hvernig stjórn málafræðingar svara spurningum á borð við þær hér að ofan með kerfisbundinni aðferðafræði. Farið er yfir eðli hinnar vísindalegu aðferðar og hugtök á borð við orsök, réttmæti og áreiðanleika. Fjallað er um helstu stefnur og grundvallaraðferðir í mótun og framkvæmd rannsókna innan félagsvísinda, með megináherslu á stjórn málafræði. Í námskeiðinu er inngangsatriðum í lýsandi tölfraði einnig gerð skil, en hæfni til að vinna með töluleg gögn er sífellt mikilvægari fyrir stjórn málafræðinga. Verður fjallað um myndræna framsetningu gagna, dreifingu, miðsækni, prósentur og vikmörk. Einnig verða líkindafræði og fylgni kynnt til leiks. Námskeiðið mun gagnast nemendum við að veiga og meta empirískar rannsóknir í stjórn málafræði, en ekki síst veita nemendum praktíska kunnáttu sem gagnast í fjölmörgum störfum stjórn málafræðinga, m.a. í opinberri stjórnsýslu, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og stjórn málaflökkum.

1. Hæfniviðmið (úr kennsluskrá)

Hæfniviðmið námskeiðs lýsa því hvaða þekkingu, leikni og hæfni nemendur eigi að lágmarki að hafa öðlast að námskeiði loknu. Að loknu þessu námskeiði á nemandi að:

- Hafa skilning á vísindalegri aðferð og merkingu hugtaka á borð við ályktanir, orsök, réttmæti og áreiðanleika.
- Þekkja helstu rannsóknaraðferðir í stjórn málafræði og séu kunnugir styrkleikum þeirra og veikleikum.
- Þekkja muninn á eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum.
- Vera meðvitaðir um ýmis siðferðileg álitæfni í rannsóknum í stjórn málafræði.

- Skilja og geta beitt lýsandi tölfræði.
- Geta sett upp myndræna framsetningu gagna.
- Kunna grundvallaratriði ályktunartölfræði, þ.e. hvernig hún byggjast á líkindareikningi og normalkúrfu.

2. Skipulag

Fyrirlestrar: Þriðjudagar kl. 10.00-12.20 í Odda 201.

Fyrirlestrar munu samanstanda af glærum ásamt efni sem einungis kemur fram í fyrirlestrum. Ef nemendur komast ekki í tíma þurfa þeir að nálgast glósur hjá samnemendum. Kennari mun ekki útvega glósur fyrir þá sem missa af tíma.

Umræðu- og dæmatímar: Átta miðvikudagar kl. 11:40 – 13:10 í Odda 301.

Nemendahópnum verður skipt í tvennt og sækir hvor hópur eina 40 mínútna kennslustund: Eiginnöfn sem byrja á stöfunum A - H í fyrri tíma (hefst kl. 11:40) og I-Ð í síðari tíma (hefst kl. 12:30). Umræðu- og dæmatímar munu skiptast í þrjá umræðutíma, einn Excel tíma og fjóra dæmatíma. Í Excel tímanum verður farið yfir helstu grunnaðgerðir í Excel, en tíminn er ætlaður nemendum sem hafa enga reynslu af Excel.

3. Námsefni

Kennslubók

Johnson, J.B., Reynolds, H.T., og Mycoff, J.D. (2016). *Political Science Research Methods* (8. Útgáfa). Thousand Oaks, CA: CQ Press. ISBN: 978-1-5063-0782-4.

Þetta er aðalkennslubók námskeiðsins og er mælt með að nemendur nálgist eintak af henni. Bókin er til sölu í Bóksölu stúdenta, en einnig er eintak frátekið á námsbókasafni Þjóðarbóklöðunnar. Einnig er hægt að panta rafræna útgáfu af bókinni, t.d. á Amazon. Athugið að bókinni fylgir ýmislegt gagnlegt ítarefni á slóðinni: <https://edge.sagepub.com/johnson8e>

Annað lesefni (aðgengilegt á Uglunni)

Halperin, S., & Heath, O. (2012). *Political Research: Methods and Practical Skills*. London, UK: Oxford University Press. Valdir hlutar.

Huff, D. (1954). *How to Lie with Statistics*. New York, NY: W.W. Norton. Valdir hlutar.

Pollock, P.H. (2016). *The Essentials of Political Analysis* (5. Útgáfa). Thousand Oaks, CA: CQ Press. ISBN: 9781506305837. Valdir hlutar.

Schwabish, J.A. (2014). „An Economist’s Guide to Visualizing Data,“ *Journal of Economic Perspectives* 28(1):209-239.

Tufte, E. (1983). *The Visual Display of Quantitative Information*. Cheshire, CT: Graphics Press. Valdir hlutar.

Annað lesefni kynnt síðar.

Stoðefni

Um rannsóknaraðferðir:

-<http://www.socialresearchmethods.net/kb/index.php>

Tölfræði:

Anna Helga Jónsdóttir og Sigrún Helga Lund (2015). *Tölfræði frá grunni*. Háskólaútgáfan.

Fyrir þau ykkar sem viljið lesa um tölfræði á íslensku. Þessi bók er notuð við kennslu í ákveðnum tölfræðiáföngum við Háskóla Íslands.

Khan Academy. Stórskemmtileg síða sem getur kennt þér næstum allt! Frábært stoðefni fyrir tölfræði. <https://www.khanacademy.org/>

Kennslubankinn. Íslensk vefsíða með fyrirlestrum og myndböndum um tölfræði. Síðan er í örum vexti: <http://kennslubanki.hi.is/>

Töflureiknir

Í námskeiðinu munum við notast við Microsoft Excel töflureikninn, sem er hluti af Office-pakkanum. Office-pakkinn er aðgengilegur í öllum tölvustofum á Háskólasvæðinu, en jafnframt geta nemendur sett hann upp á eigin tölvu. Sjá leiðbeiningar á slóðinni: <http://rhi.hi.is/node/823>

Ég bendi nemendum sem vilja ítarlegra efni um hvernig Microsoft Excel er notað við gagnavinnslu og/eða vilja ráða hraðanum á námsefninu sjálfir, að hægt er að nálgast ágæt, ókeypis námskeið á [edx.org](https://www.coursera.org) og [coursera.org](https://www.coursera.org) sem fara yfir svipað efni í Excel og við gerum. Má þar t.d. nefna Introduction to Data Analysis Using Excel á Coursera (<https://www.coursera.org/learn/excel-data-analysis>) og á EdX (<https://www.edx.org/course/introduction-data-analysis-using-excel-microsoft-dat205x-3>). Það er alls ekki nauðsynlegt að nýta sér þessi námskeið, en þau gætu verið gagnleg fyrir þau ykkar sem viljið ítarlegra efni um Excel.

4. Námsmat

Lokaeinkunn í námskeiðinu byggir á nokkrum þáttum. **Nemendur þurfa að standast lokapróf með lágmarkseinkunnina 5,0 til að önnur verkefni gildi við útreikning á lokaeinkunn.**

Þátttaka í spurningakönnun: 1 könnun, sem gildir 3%

Krossapróf: 2 próf 6% hvort, samtals 12% af lokaeinkunn (ATH. gildir aðeins til hækkunnar)

Hópverkefni: 1 verkefni, sem gildir 15% af lokaeinkunn

Heimadæmi: 2 verkefni, 10% fyrir hvert verkefni, samtals 20% af lokaeinkunn

Lokapróf: 1 lokapróf, sem gildir 50% af lokaeinkunn

Þátttaka í spurningakönnun (3%): Þann **23. janúar** verður spurningakönnun lögð fyrir alla nemendur í lok dæmatíma. Tilgangur könnunarinnar er að safna ýmsum upplýsingum frá nemendum sem nýtast við tölfræðikennslu á síðari hluta annar, við rannsóknarvinnu og fyrir stjórn málafræðideild til að fá betri innsýn í nemendahópinn

Krossapróf (12%): Tvisvar yfir önnina verða stutt krossapróf lögð fyrir við upphaf fyrirlestrar og gildir hvort um sig 6% af lokaeinkunn. Fyrri prófið verður úr námsefni fyrstu fjögurra vikna námskeiðsins og fer fram **6. febrúar**, en seinna prófið verður úr námsefni vikna 5 til og með 8 og fer fram **6. mars**. Nemendur sem mæta of seint fá skemmri tíma sem því nemur og þeir sem mæta ekki eða mæta eftir að prófinu lýkur fyrirgera próftökurétti. Prófin eru fyrst og fremst hugsuð til að hjálpa ykkur að halda góðri siglingu í náminu. Þau eru góð leið fyrir þá sem stunda námið af natni að hækka einkunn sína án mikillar fyrirhafnar. Athugið að prófin gilda einungis til hækkunnar á lokaeinkunn.

Hópverkefni (15%): Nemendur skila einu hópverkefni á önninni, **eigi síðar en í fyrirlestri þann 27. febrúar**. Nemendur vinna þrír saman í hóp, en ekki þarf að tilkynna kennara sérstaklega um skipan hvers hóps. Nemendur sem vilja fá aðstoð við að finna hóp geta haft samband við kennara fyrir 6. febrúar. Nánari verkefnalýsing verður sett á kennsluvef með góðum fyrirvara. Mögulegt er að skila verkefni allt að þremur dögum eftir skiladag, en sé það gert **lækkar einkunn um 20%**. Ekki er tekið við verkefnum að þessum þremur dögum liðnum.

Heimadæmi (20%): Tvisvar yfir önnina skila nemendur heimadæmum, sem reyna á leikni þeirra í tölfræði og notkun Excel. Fyrri heimadæmunum skal skilað **eigi síðar en í fyrirlestri þann 20. mars**,

en þeim seinni **eigi síðar en 13. apríl, á þjónustuborð í Gimli**. Nánari verkefnalýsing verður sett á kennsluvef með góðum fyrirvara. Mögulegt er að skila verkefni allt að þremur dögum eftir skiladag, en sé það gert **lækkar einkunn um 20%**. Ekki er tekið við verkefnum að þessum þremur dögum liðnum.

Lokapróf (50%): Lokapróf verður haldið á prófatíma. Allt efni námskeiðsins er til lokaprófs. Ná verður einkunninni 5,0 í lokaprófi til þess að standast námskeiðið.

5. Ýmislegt

Meðferð heimilda og ritstuldur

Minnt er á að í reglum HÍ nr. 569/2009 segir í 59. grein: „Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.“ Þetta á við hvort sem um beinar tilvitnanir eða endursögn er að ræða og óháð því hvaðan efnið er fengið (þ.m.t. af internetinu). Nemendur eru beðnir að gæta að því að greina skýrt á milli eigin orða og annarra. Ef grunur leikur á ritstuldi þá er málinu vísað fyrst til deildarforseta og síðan sviðsforseta. Ritstuldur þýðir að nemandinn er fallinn í verkefninu og einnig getur hann leitt til harðari viðurlaga.

Undirbúningur fyrir kennslustund

Ég ætlast til að þið komið **vel lesin og undirbúin í tíma**. Aðeins þannig hafið þið raunverulegt gagn og gaman af námskeiðinu. Ég ráðlegg ykkur því að taka frá **a.m.k. einn dag í viku** til að lesa og undirbúa ykkur. Ef eitthvað vefst fyrir ykkur, **hikið ekki við að spyrja spurninga í tíma** – að öllum líkindum eru fleiri sem hefðu gagn af því að heyra svar við spurningunni!

Námsefni til prófs

Nema annað sé sérstaklega tekið fram, þá er allt lesefni námskeiðsins og allir fyrirlestrar til prófs. Ekki verður farið yfir allt lesefnið í tímum og sumt efni fyrirlestra er ekki að finna í lesefninu. Kennari mun þó ávallt leitast við að draga skýrt fram þau atriði sem mikilvægast er að nemendur kunni skil á.

Framkoma og ástundun

Samskipti nemenda og kennara skulu einkennast af virðingu og tillitssemi. Af hálfu nemenda felst það meðal annars í því að mæta stundvíslega í tíma, hafa slökkt á farsímum og virða tíma kennara, t.d. með því að spyrja ekki að hlutum sem auðveldlega má fletta upp í kennsluáætlun eða á námskeiðsvef. Kennari mun virða tíma nemenda, hafa kröfur skýrar, lágmarka breytingar á kennsluáætlun og þá

tilkynna þær rækilega. Latt er til notkunar fartölvu til glósutöku. Tölvuglósarar verða beðnir um að sitja fyrir aftan alla þá sem ekki nota tölvu.

Leiðin til árangurs

Lykillinn að velgengni í aðferðafræði (og vitanlega flestu námi) er stöðug ástundun. Ég hvet ykkur eindregið til að byrja með krafti og missa ekki dampinn. Þannig verður námið bæði auðveldara og ánægjulegra. Ég vil líka benda á viðtalstímann minn. Hvort sem þig vantar útskýringu á tilteknu atriði námssefnisins, hefur áhyggjur af því hvernig þér gengur í námskeiðinu eða hefur ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara, þá vil ég gjarnan sjá þig. Það er betra að tala við mig snemma í námskeiðinu ef illa gengur heldur en að bíða þar til á síðustu stundu þegar það er líklega orðið of seint að grípa í taumana. Bóka þarf viðtalstíma á slóðinni: <https://calendly.com/agnarhelgason> - ef viðtalstíminn er óhentugur, hikaðu ekki við að senda mér tölvupóst og við finnum tíma sem hentar.

6. Námskeiðsáætlun¹

Vika	Dags.	Viðfangsefni (lesefni)	Próf/Verkefni
1	9. jan	Inngangur að aðferðafræði Johnson, kafli 1 (bls. 1-6 og velja 2 af 8 undirköflum um rannsóknir á bls. 6-44 eftir áhugasviði ykkar, samtals ca. 16 bls) [UGLA]	
2	16. jan	Þekkingarfræði Johnson, kafli 2 (25 bls) Halperin og Heath, kafli 2 (24 bls) [UGLA]	
3	23. jan	Kenningar og tilgátur Johnson, kafli 3 (27 bls) Johnson, kafli 4 (22 bls)	
	24. jan	Umræðutími	Spurninga- könnun í lok tíma, 24. jan
4	30. jan	Hugtök og mælingar Johnson, kafli 5 (35 bls)	
5	6. feb	Orsakasambönd og tilraunir Johnson, kafli 6 (bls. 166-195, 30 bls)	Krosspróf í byrjun tíma 6. feb (vika 1-4)
	7. feb	Umræðutími: Lestur fræðigreina Tvær fræðigreinar, kynntar síðar (ca. 50 bls)	
6	13. feb	Samanburðarrannsóknir Johnson, kafli 6 (bls. 195-210, 15 bls) Halperin og Heath, kafli 9 (24 bls) [UGLA]	
	14. feb	Umræðutími Lestur fræðigreina Tvær fræðigreinar, kynntar síðar (ca. 50 bls)	
7	20. feb	Etnógraphía og textagreining Johnson, kafli 8 (23 bls) Halperin og Heath, kafli 13 (24 bls.) [UGLA]	
8	27. feb	Spurningakannanir og viðtöl Johnson, kafli 7 (bls. 212-230, 18 bls) Johnson, kafli 10 (51 bls)	Hópverkefni skilað í tíma, 27. feb
	28. feb	Exceltími	

¹ Kennari áskilur sér rétt til smávægilegra breytinga á kennsluáætlun á meðan á námskeiðinu stendur. Ef við erum lengur að fara yfir tiltekið efni en gert er ráð fyrir, hliðrast áætlunin aftur sem því nemur. Ef að tími fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum er mögulegt að kennari útbúi sérstakan myndbandsfyrirlestur með námsefni þeirrar viku eða að aukakennslutíma verði bætt við.

9	6. mars	Lýsandi tölfraði Johnson, kafli 11 (bls. 348-368, 20 bls) Pollock, kafli 3 (bls. 58-63, 5 bls) [UGLA] Huff. Valdir hlutar. [UGLA]	Krosspróf í byrjun tíma 6. mars (vika 5-8)
	7. mars	Dæmatími	
10	13. mars	Lýsandi tölfraði II Johnson, kafli 11 (bls. 369-384, 15 bls) Tufte, valdir hlutar (ca. 30 bls) [UGLA] Schwabish, grein (25 bls)	
	14. mars	Dæmatími	
11	20. mars	Ályktunartölfræði Leseftni kynnt síðar (ca. 50 bls)	Heimaverkefni 1 skilað í byrjun tíma, 20. mars
	21. mars	Dæmatími	
12	27. mars	Ályktunartölfræði II Leseftni kynnt síðar (ca. 50 bls)	
13	3. apríl	ENGINN TÍMI (Páskar)	
14	10. apríl	Stuðpúðatími/Samantekt	
	11. apríl	Dæmatími	Heimaverkefni 2 skilað á þjónustuborð í Gimli, 13. apríl
	Dags?	LOKAPRÓF	